

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1973:

Loðnumjöl £ 1.68 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi £ 85.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við Cif.

Verðbil verði ekkert fyrir loðnumjöl, en 5% fyrir loðnulýsi.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðist við 38% af verðbreytingu frá grundvallarverði á loðnumjöli en 40% á loðnulýsi að viðbættu eða frádregnu verðbili fyrir loðnulýsi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

9. febrúar 1973.

Nr. 39.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin frá Arnarnestá í Skarfasker. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu.

II KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón Hafnarmálastofnunar ríkisins og ráðuneytis þess sem fer með stjórn hafnamála. Bæjarstjórn kýs fimm manna hafnarstjórn og jafn marga til vara samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar. Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarvörður sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.